

## AUGLÝSING

### um (2.) breytingu á gjaldskrá nr. 1026/2015 fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á Austurlandssvæði.

#### 1. gr.

1. mgr. í 2. gr. gjaldskrárinnar verði svohljóðandi:

Tímagjald	kr. 13.000
Gjald vegna rannsóknar á neysluvatnssýni skv. eftirlitsáætlun	kr. 25.000
Gjald vegna rannsókna á öðrum sýnum skv. eftirlitsáætlun	kr. 15.300

Gjald fyrir sýni sem tekin eru skv. samningum eða að ósk einstaklinga eða fyrirtækja er kr. 15.300 að lágmarki, en sé raunkostnaður við rannsókn skv. reikningi frá rannsóknastofu hærrí skal innheimta raunkostnað að viðbættu 35% umsýslugjaldi. Einnig skal innheimta akstursgjald og vinnutíma skv. tímagjaldi ef ekki er unnt að samnýta ferðir og vinnu vegna sýnatökunnar.

#### 2. gr.

3. gr. gjaldskrárinnar verði svohljóðandi:

Af starfsleyfis skyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi og þjónustu eins og hér segir:

Ný starfsemi:

Starfsleyfisgjald og eftirlitsgjald í samræmi við viðkomandi fyrirtækjaflokk ásamt auglýsingakostnaði ef við á	kr. 22.600
--	------------

Endurnýjun og/eða breyting á starfsleyfi:

Starfsleyfisgjald og auglýsingakostnaður ef við á.	kr. 17.000
---	------------

Önnur starfsleyfi og leyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun, t.d. tóbakssöluleyfi:

Starfsleyfisgjald og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar, úttektar og frágangs, ásamt auglýsingakostnaði ef við á	kr. 22.600
---	------------

Endurnýjun annarra leyfa, sbr. hér að ofan:

Starfsleyfisgjald	kr. 17.000
-------------------	------------

Fyrir leyfi útgefin vegna sölu á útimörkuðum eða aðra skammtíma starfsemi:

Leyfisgjald og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks eða gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar, úttektar og frágangs, ásamt auglýsingakostnaði ef við á	kr. 17.000
---	------------

Gjald fyrir aðra þjónustu svo sem samantektir í eftirlitsskýrslum og bréfum á ensku (ekki þýdd af löggiltum þýðanda og einungis til hægðarauka fyrir erlenda rekstraraðila) óski rekstraraðili eftir slíku: ½ tímagjald.

#### 3. gr.

Í viðauka A með gjaldskrá HAUST nr. 1026/2015 með síðari breytingum breytast upphæðir til samræmis við upphæðir í 1. gr. auglýsingar þessarar

#### 4. gr.

Auglýsing þessi er samin með heimild í 8. gr. laga um tóbaksvarnir nr. 6/2002 með síðari breytingum, samkvæmt 46. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breyt-

ingum og samkvæmt X. kafla laga um matvæli nr. 93/1995 með síðari breytingum sem og í samræmi við ákvörðun aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Austurlands bs. þann 1. nóvember 2017 og tekur þegar gildi.

*Reyðarfirði, 18. desember 2017.*

F.h. heilbrigðisnefndar Austurlands,  
**Helga Hreinsdóttir**, framkvæmdastjóri HAUST.

---

B-deild – Útgáfud.: 4. janúar 2018